- Fleiri þátttakendur
- Erlend samkeppni

**3**
- Meiri fjölbreytni
- Stærri markaður

**4**
- Meiri samkeppni
- Lægra verð
- Aukin framleiðni

**Ný fyrirtæki verða til vegna opnunar markaða og virkrar samkeppnislöggjafar:**

KORTAÞJÓNUSTAN
NOVA
WOW air
TAL
vodafone
APÓTEK VESTURLANDS
orkusalan

# Skjól frá samkeppni getur myndast á ýmsan hátt og dregið úr framleiðni í hagkerfinu

| Samkeppnis-hindranir | | Lýsing |
|---|---|---|
| | 1 Einokun eða samráð | Samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu fyrirtækja dregur úr hvata til að nýta framleiðsluþætti með sem skilvirkustum hætti |
| | 2 Aðgengi að innviðum | Aðgengi að ýmsum innviðum getur verið forsenda þess að nýir aðilar þrífist á markaði, t.d. samgöngu- og fjarskiptainnviðum |
| | 3 Skiptikostnaður | Mikill kostnaður neytenda við flutning viðskipta getur dregið úr möguleikum nýrra aðila til að laða til sín aukin viðskipti |
| | 4 Reglusetning og leyfisveitingar | Torvelt ferli við stofnun fyrirtækja og leyfisveitingar getur dregið úr hvata og jafnvel komið í veg fyrir nýliðun á mörkuðum |
| | 5 Innflutnings-hindranir og niðurgreiðslur | Innflutningshindranir og niðurgreiðslur geta varið innlenda framleiðslu fyrir samkeppni gagnvart erlendum aðilum |

# Tillaga #1

**Stjórnvöld og atvinnulíf starfi saman að eflingu samkeppnisumhverfis**

# Á Íslandi ríkir umtalsverð samþjöppun og algengt að fá fyrirtæki standi undir stórum hluta markaðarins

- Á ýmsum innlendum mörkuðum standa tiltölulega fáir aðilar undir stórum hluta af heildarveltu
- Í alþjóðlegum samanburði virðist smæð Íslands leiða til minni dreifingar markaðshlutdeildar

## Mat á dreifingu markaðshlutdeildar[1]

Skali 1-7, 7 dreifð markaðshlutdeild




## Markaðshlutdeild stærstu þjónustufyrirtækja

% þriggja stærstu fyrirtækjanna af heildarveltu greinar




1 Könnun meðal stjórnenda í 144 ríkjum

Heimilidr: Ársreikningar, World Economic Forum, Global Competitiveness Report 2012, McKinsey & Company

# Engu að síður eru íslensk fyrirtæki smá og heildarvelta á ýmsum mörkuðum einungis hluti af veltu erlendra stórfyrirtækja




**Stærstu fyrirtæki landsins eru margfalt minni en stærstu fyrirtæki í Noregi sem þó er lítill markaður í alþjóðlegum samanburði**

Heimilidr: Ársreikningar, McKinsey

# Til að stuðla að hámarks framleiðni þarf að finna rétt jafnvægi milli samkeppni og stærðarhagkvæmni[1]




- **Stærðarhagkvæmni leiðir til minni framleiðslukostnaðar** vegna aukins efnahagslegs styrks fyrirtækis
- **Samkeppni dregur úr sóun og leiðir til minni framleiðslu-kostnaðar** vegna ógnunar frá keppinautum
- Ábati neytenda eykst ekki nema **stærðarhagkvæmni fylgi samkeppni**

1 Stærðarhagkvæmni er fyrir hendi þegar meðalkostnaður við framleiðslu á hverri einingu lækkar um leið og framleiðsla er aukin

# Í ákveðnum tilfellum er unnt mæta þessari áskorun og njóta stærðarhagkvæmni án þess að draga úr samkeppni

## Oft næst meirihluta ábata af stærðarhagkvæmni með samrekstri á litlum hluta virðiskeðjunnar

**Virðiskeðja fjarskiptafyrirtæki**

- Bygging grunnkerfis
- Rekstur grunnkerfis
- Lausna- og vöruþróun
- Tekjustýring
- Notenda-þjónusta
- Markaðs- og sölustarf

Bygging og rekstur grunnkerfis:

- Stærðarhagkvæmni mikil
- Takmörkuð áhrif á val neytenda
- Hentar vel til samrekstrar

Lausna- og vöruþróun, tekjustýring, notendaþjónusta, markaðs- og sölustarf:

- Stærðarhagkvæmni lítil
- Mikilvægur þáttur í vali neytenda og þróun nýjunga
- Ábati af samrekstri er lítill

## Til að nýta megi þessi tækifæri þarf rannsóknir og skýra ferla milli fyrirtækja og eftirlitsaðila

- Ýmis dæmi eru um samrekstur sem hefur stutt við framleiðni þjónustugeirans
- Eftirfarandi þættir greiða fyrir frekari nýtingu tækifæra á þessu sviði
  - ✓ Skýr viðmið, skilgreint ferli og skilvirk úrvinnsla af hálfu eftirlitsaðila
  - ✓ Mat og röksemdir fyrir ábata
  - ✓ Sterkur rammi í kringum fyrirkomulag sem m.a. tryggir aðgengi nýrra aðila og að samkeppni á öðrum þáttum virðiskeðjunnar sé ekki raskað

# Ýmis tækifæri eru til umbóta hvað varðar aðgengi að innviðum og skiptikostnað fyrirtækja

**Aðgengi að innviðum**

- OECD hefur bent á að hindranir sem standa í vegi fyrir aðgengi að innviðum, m.a. í flugsamgöngum og skipaflutningum, geti dregið úr nýliðun og framleiðni í viðkomandi greinum



**Skipti-kostnaður**

- Hár skiptikostnaður hefur áhrif á aðhald neytenda gagnvart fyrirtækjum á ýmsum mörkuðum hérlendis. Samkeppniseftirlitið hefur sérstaklega bent á vátrygginga-starfsemi, fjármálaþjónustu og fjarskipta-þjónustu í þessu samhengi



Heimild: Economic policy reforms 2013: Going for Growth, OECD (2013), Skýrsla nr. 2/2008, Samkeppniseftirlitið

# Til að styðja við markmið samkeppnislöggjafar þurfa bæði stjórnvöld og atvinnulíf að leggja lóð sín á vogarskálarnar

**Stjórnvöld og eftirlitsaðilar**

**Atvinnulífið**

## 1 Framkvæmd samkeppnislaga

- Stjórnvöld setji sér það markmið að afgreiðslutími hjá Samkeppniseftirlitinu verði styttur verulega án þess að draga úr gæðum ákvarðana

## 2 Opnun markaða

- Settur verði á fót samstarfsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífs með það að markmiði að meta og ræða mögulegar umbætur í samkeppnisumhverfi

## 3 Fræðsla og samtal

- Samkeppniseftirlitinu og öðrum stjórnvöldum skapaðar aðstæður til að eiga virkari samskipti við fyrirtæki og auka fræðslu-hlutverk sitt

## 4 Samkeppnisréttaráætlanir

- Stærri fyrirtæki setji sér samkeppnisréttaráætlanir og skilgreinda verkferla í auknum mæli

# Tillaga #2

**Stjórnvöld framkvæmi samkeppnismat við reglusetningar**

# Ríki og sveitarfélög geta haft mikil áhrif á samkeppnisumhverfi með reglusetningum og fyrirkomulagi leyfisveitinga

## Skipulagsmál geta haft bein áhrif á aðgengi nýrra aðila að mörkuðum og skilvirkni fjárfestinga



**Dæmi:**
- Stórum lóðum úthlutað í einu lagi með kvöðum um uppbyggingu annarrar starfsemi, svo sem sérverslana og skrifstofuhúsnæðis
- Sértækar takmarkanir settar við lóðauppbyggingu, t.a.m. bann við sölu matvöru

**Afleiðingar:**
- Meðalstærð verslana ákvarðast af skipulagsyfirvöldum í stað verslunarrekenda
- Aðgangsmöguleikar minni verslana takmarkaðir

## Leyfisveitingaferli getur dregið úr nýliðun og samkeppni á markaði



**Dæmi:**
- Meðal þeirra greina í innlenda þjónustugeiranum sem glíma við tiltölulega flókið leyfisveitingaferli eru veitingastarfsemi, innlend ferðaþjónusta og byggingastarfsemi
- OECD nefnir flóknar leyfisveitingar og regluverk sem eina af meginhindrunum aukinnar framleiðni hérlendis

**Afleiðingar:**
- Ný fyrirtæki með takmarkað fjárhagslegt bolmagn eiga erfiðara um vik með að hefja starfsemi
- Aukin starfsemi fer fram án leyfa

Heimild: Economic policy reforms 2013: Going for Growth, OECD (2013)

# Ríki og sveitarfélögum verði gert skylt að notast við samkeppnismat að alþjóðlegri fyrirmynd við reglusetningu

**Einfaldur gátlisti er notaður við mat á þörf fyrir samkeppnismat reglusetningar:**

1. Eykur aðgerðin líkur á því að fyrirtækjum fækki með beinum hætti? — Já / Nei
2. Eykur aðgerðin líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með óbeinum hætti? — Já / Nei
3. Takmarkar aðgerðin möguleika fyrirtækja til að þess að mæta samkeppni? — Já / Nei
4. Takmarkar aðgerðin frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti? — Já / Nei

Nei → **Ekki þarf að fram-kvæma samkeppnismat**

Já → **Samkeppnismat:**

- Eru reglurnar nauðsynlegar?
- Eru til vægari aðferðir til að ná fram sama markmiði?

**Áhrif samkeppnismats**

- Einfaldar regluverk
- Kemur í veg fyrir óþarfar opinberar samkeppnishindranir
- Breytir hugsunarhætti og dýpkar skilning á eðli markaða
- Eykur samkeppni og þar með framleiðni

- OECD og ESB hafa lagt fram tilmæli um að slíkt verklag verði tekið upp
- Á sér hliðstæður víða erlendis, t.d. á Norðurlöndunum og í Bretlandi
- Ekki til staðar í neinni mynd hérlendis

# Áhersla á lágmörkun samkeppnisraskana við opinbera reglu-setningu og ákvarðanir hefur skilað miklum árangri erlendis

## Breyttar áherslur í skipulags-málum í Svíþjóð 1992



### Framkvæmd

- Samkeppnishugsun sett í forgang skipulagssmálum
- Sveitarfélögum sett viðmið um að tryggja skuli við samþykkt skipulags að samkeppni sé virk

### Árangur

- Aukin erlend og innlend samkeppni vegna bætts aðgangs
- Bættur rekstur verslana
- Lægra verð til neytenda

### Efnahagsleg áhrif

**Árleg framleiðni aukning í smásölu,**
%, 1995-2005




## Samkeppnismat í Ástralíu 1995-2001



### Framkvæmd

- 1700 lög og reglur yfirfarin í því skyni að efla samkeppni og framleiðni

### Árangur

- Á stóran þátt í sterkri framleiðniaukningu í Ástralíu
- Lækkað verð á vörum og þjónustu
- Örvar nýsköpun og neytendavitund

### Efnahagsleg áhrif

**Mat á framlagi til hagvaxtar í Ástralíu[1]**
%




1 Einskiptisáhrif

Heimilid: Review of National Competition Policy Reforms, Australian Productivity Commission, Creating Economic Growth through competition, McKinsey & Company (2010)

# Tillaga #3

**Stuðlað verði að aukinni samkeppni á búvörumarkaði**

# Matvara er sá vöruflokkur sem nýtur mestrar samkeppnis-verndar á Íslandi og eru tollar með þeim hæstu í heiminum

## Tollar eru hærri á mjólk og kjöti en öðrum vörum...

Endanlegar tollbindingar, vísitala, mjólk=100




## ...og mjög háir í alþjóðlegum samanburðin

Endanlegar tollbindingar, vísitala, Ísland=100




Heimilidr: Alþjóðaviðskiptastofnunin

# Innflutningsvernd er ein helsta ástæða þess að einungis þriðjungur af matarkörfu Íslendinga eru innfluttar vörur

## Matarkarfa Íslendinga

%




- 2/3 af matarkörfu Íslendinga er innlend framleiðsla
- Háir tollar veita verðskjól fyrir samkeppnisvörur og eru samkeppnis-hamlandi
- Stór hluti innlendrar framleiðslu minnkar líkur á innkomu erlendra dagvöru-verslana

Heimilidr: Samkeppniseftirlitið, Skýrsla nr. 1/2012 Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði

# Afnám tolla á grænmeti hefur skilað sér í lækkuðu verði og aukinni samkeppnishæfni greinarinnar

**Verðþróun grænmetis á Íslandi**

Raunverð, Vísitala (1998=100)






- Innlend framleiðsla á gúrkum dróst saman í upphafi en hafði náð sömu markaðshlutdeild og fyrir afnám tolla 7 árum síðar, eða um 93%.



- Sambærileg þróun átti sér stað í tómatarækt
- Framleiðsla á kirsuberjatómötum hefur nú nífaldast og heildarverð til bænda hækkað

Heimilidr: Hagstofa Íslands

# Samfélagsleg rök fyrir verndun landbúnaðar eiga síður við alifugla- og svínarækt

✓ Rök eiga við

✗ Rök eiga síður við

*Styðja við og tryggja byggð á landsbyggðinni*



| | Lambakjöt | Mjólkur-vörur | Nautakjöt | Alifugla-kjöt | Svínakjöt |
|---|---|---|---|---|---|
| **Byggðastefna:** | ✓ | ✓ | ✓ | ✗ | ✗ |
| **fæðuöryggi:** | ✓ | ✓ | ✓ | ✗ | ✗ |

*Komi upp sú staða að lokað yrði fyrir innflutning og þjóðin þyrfti að reiða sig á auðlindir og sjálfsþurftarbúskap*



Lambakjöt, mjólkurvörur, nautakjöt:

- Bændur sem halda úti búskap víða um land
- Jarðrækt – skepnurnar síður háðar innfluttu fóðri
- Erfitt að byggja upp starfsemi leggist hún af vegna óviðráðanlegra orsaka

Alifuglakjöt, svínakjöt:

- Verksmiðju-framleiðsla
- Að mestum hluta innflutt fóður
- Stór hluti starfsemi í eða við þéttbýli

1 Alifuglakjöt, svínakjöt

# Lækka ætti almenna tolla um 50% og afnema tolla á svína- og alifuglakjöti að fullu

**Erlent heildsöluverð og almennir tollar sem % af innlendu heildsöluverði**
%, innlent heildsöluverð = 100



# Lækka ætti almenna tolla um 50% og afnema tolla á svína- og alifuglakjöti að fullu

**Erlent heildsöluverð og almennir tollar sem % af innlendu heildsöluverði**
%, innlent heildsöluverð = 100




Heimilidr: Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið, Hagar, Tollskrá 2012, Commodity price data dashboard – European Commission

# Tillögur að lækkun og afnámi tolla

| **Lækka almenna tolla á landbúnaðarvörum um 50%** | **Afnema tolla á alifuglum og svínakjöti** | **Afnema tolla á öðrum vörum sem ekki keppa við innlenda framleiðslu** |
|---|---|---|
| ▪ Influttar vörur skapa aukið samkeppnislegt aðhald gagnvart innlendri framleiðslu<br><br>▪ Stuðlar að samkeppnishæfari landbúnaði og lækkandi verði til neytenda | ▪ Verð á alífuglum og svínakjöti lækkar um 20-50%, neytendum til hagsbóta<br><br>▪ Framleiðni viðkomandi matvælagreina mun þurfa að aukast verulega til að vera samkeppnishæf | ▪ Á t.d. við um andakjöt, dádýr og parmesanost.<br><br>▪ Skapar aukinn hvata til framleiðniaukningar vegna staðkvæmdaáhrifa gagnvart innlendum landbúnaðarvörum |

# Við leggjum til 3 tillögur sem ætlað er að styðja við rekstrarumhverfi fyrirtækja

**Sterk umgjörð samkeppni**

1. Stjórnvöld og atvinnulíf starfi saman að eflingu samkeppnisumhverfis
2. Stjórnvöld framkvæmi samkeppnismat við reglusetningar
3. Stuðlað verði að aukinni samkeppni á búvörumarkaði

**Skilvirkt rekstrarumhverfi**

4. Ráðist verði í átak til að einfalda regluverk
5. Neysluskattar verði jafnaðir og einfaldaðir
6. Áskorunum vegna skuldsetningar atvinnulífs verði mætt með skilvirkum hætti

# Niðurstöður mats á samkeppnishæfni þjóða gefa til kynna að Ísland standi halloka í mikilvægum flokkum rekstrarumhverfis

**Samkeppnishæfni ýmissa þátta rekstrarumhverfisins á Íslandi samanborið við nágrannalönd[1]**
Prósent




1 Bretland og Norðurlöndin. Hlutföll eru byggð á mati stjórnenda á Íslandi á styrkleika viðkomandi málaflokka hérlendis samanborið við mat fyrirtækjastjórnenda nágrannaríkjanna á sömu málaflokkum í eigin hagkerfum

SOURCE: IMD World Competitiveness Yearbook (2012)

# Einfaldara regluverk, skilvirkari neysluskattar og aukið gagnsæi og traust í viðskiptum myndi styrkja rekstrarumhverfið

**Leiðir til aukinnar skilvirkni**

| | Lýsing |
|---|---|
| **1 Einfaldara regluverk** | Lágmörkun beins og óbeins efnahagslegs kostnaðar af reglusetningu með markvissum hætti, t.d. með færri og markvissari reglum og skilvirkari framkvæmd þeirra |
| **2 Skilvirkari neysluskattar** | Skilvirkari neysluskattar með einu virðisauka-skattþrepi og afnámi tolla og vörugjalda á vörur sem ekki fela í sér samfélagslegan kostnað |
| **3 Áskorunum vegna skuldsetningar verði mætt** | Samhent átak til eflingar á gagnsæi í eignarhaldi og auknu upplýsingaaðgengi, skilvirkri skuldaúrvinnsla, virku eigendaaðhaldi og bættum stjórnarháttum í viðskiptum |

# Tillaga #4

**Ráðist verði í átak til að einfalda regluverk**

# Regluverk getur haft mikil áhrif á efnahagslega frammistöðu í gegnum beinan kostnað og framleiðnitap

**Efnahagslegur kostnaður við reglusetningu**

**Hið opinbera**

- ✓ Mótun lagaumgjarðar
- ✓ Stjórnsýslukostnaður
- ✓ Framfylgd og eftirfylgni regluverks

**Einkageirinn**

**Fyrirtæki**

**Heimili**

**Beinn kostnaður**

- ✓ Umsýslukostnaður
  - Innan fyrirtækis
  - Gagnvart eftirlitsaðilum
- ✓ Ráðgjöf og fræðsla

**Fjármagnskostnður**

- ✓ Regluverk á fjármálamarkaði hefur áhrif á þau fjármagnskjör sem bjóðast

**Framleiðnitap**

- ✓ Reglusetningar geta komið í veg fyrir skilvirka nýtingu framleiðsluþátta

- Rannsóknir á kostnaði við regluverk í Bandaríkjunum og Hollandi benda til að **heildar-kostnaður nemi um 10-12% af VLF**
- Einfalt og skilvirkt regluverk lágmarkar þennan fórnarkostnað

SOURCE: OECD Report on Regulatory reform

# Það er því afar brýnt að regluverk sé nægjanlega skilvirkt til að jákvæðir þættir þess vegi þyngra en þeir neikvæðu

**Neikvæðir þættir**

- ✓ Beinn kostnaður
  - Stjórnvöld
  - Fyrirtæki
- ✓ Illa mótuð reglu-setning getur skaðað samkeppni og traust á mörkuðum



**Jákvæðir þættir**

- ✓ Vinnur gegn markaðsbrestum
- ✓ Eykur öryggi í viðskiptum
- ✓ Staðlar geta greitt fyrir aukinni framleiðni
- ✓ Eykur traust

**Dæmi um áhrif reglusetningar**

SOURCE: Five Lisbon highlights - The economic impact of reaching these targets, George M.M. Gelauff, Arjan M. Lejour
Achieving Positive Impacts on Growth and Welfare through Better Regulation , OECD

# Á Íslandi er enn mikilvægara en ella að tryggja samkeppnishæft regluverk þar sem fyrirtæki eru lítil að meðaltali

## Niðurstöður OECD benda til tækifæra til umbóta í regluverki á Íslandi

**Samræmi í stefnu við reglusetningu**
Skali 0 -20, 20=mest samræmi




- OECD hefur einnig bent á **að engin formleg krafa er um að litið sé til alþjóðlegra staðla og reglna áður en reglusetning fer fram** og engar kröfur eru til þess að slík frávik séu útskýrð

## Umbætur hefðu enn sterkari áhrif á Íslandi sökum hás hlutfalls smærri fyrirtækja

**Hlutfallslegur kostnaður**
% af heild, 0-9 starfsmenn=100




- Erlendar rannsóknir sýna að hlutfallslegur **eftirlitskostnaður lækkar hratt með aukinni stærð** fyrirtækja
- Með hliðsjón af þeirri staðreynd að **íslensk fyrirtæki eru tiltölulega lítil að meðaltali** væri ávinningur einfaldara regluverks enn meiri

Heimild: Indicators of regulatory management systems, OECD (2009), Models to reduce the disproportionate regulatory burden on SMEs, European Commission (2007)

# Holland hefur náð að einfalda og auka skilvirkni regluverks með markvissum og árangursríkum hætti



| | Fasi 1 (1994-2003) | Fasi 2 (2003-2007) | Fasi 3 (2007-2011) |
|---|---|---|---|
| **Helstu áherslur** | ▪ Heildstæð endurskoðun á regluverki með þrjú meginmarkið<br>– Auka skilvirkni<br>– Auka samkeppni<br>– Auka gæði löggjafar | ▪ Ráðist var annan fasa umbóta með fjögur leiðarljós<br>– Einfaldari þjónusta<br>– Minni og öðruvísi reglusetning<br>– Betra skipulag<br>– Einfaldari tengsl á milli stjórnstiga | ▪ Á þessum tíma mat OECD Holland þegar í fremstu röð hvað varðar regluverk<br>▪ Engu að síður var ráðist í þriðja umbótaverkefnið undir kjörorðunin „minna, einfaldara og áþreifanlegra“ |
| **Markmið og árangur** | ▪ Endurskoðunin er talin hafa skilað **10-15% lækkun** á kostnaði vegna reglusetningar | ▪ Lækkunin var metin **25% af kostnaði** vegna reglusetningar og heildarábatinn áætlaður **3,6% af VLF** | ▪ 12 skilgreint markmið<br>▪ Heildarkostnaður vegna reglusetningar hefur **dregist enn frekar saman** |

- Auk beins kostnaðarábata eru umbæturnar taldar hafa
  - ✓ Aukið nýsköpun og sveigjanleika
  - ✓ Stuðlað að aukinni atvinnu-þáttöku
  - ✓ Dregið úr ríkis-útgjöldum
  - ✓ Aukið neytenda-ábata

Heimild: Regulatory Burden, Competition and Growth, Katsoulacos (2011)

# Við leggjum til að „Einfaldara Ísland“ verði endurvakið með skýru markmiði um 25% minnkun kostnaðar við regluverk

Einfaldara Ísland

- Árið 2006 var aðgerðaáætluninninni *Einfaldara Ísland* hrint af stað
- Áætlunin hafði það að markmiði að **einfalda og bæta regluverk í þágu atvinnulífs og almennings**
- Áætlunin gilti fyrir árin 2006-2009

- Lagt er til að **verkefnið verði endurvakið** með eftirfarandi leiðarljós:
  - ✓ Fækka reglum og gera þær markvissari
  - ✓ Gera framkvæmd reglna sem minnst íþyngjandi
  - ✓ Veita sem bestar upplýsingar um gildandi reglur

**Markmið:**

**25% minnkun kostnaðar við regluverk**

# Tillaga #5

**Neysluskattar verði jafnaðir og einfaldaðir**

# Undir neysluskatta falla virðisaukaskattur, vöru- og þjónustugjöld, tollar og gjöld á neikvæð ytri áhrif

## Innheimtir neysluskattar á Íslandi

ma.kr, 2012




- Stendur undir megninu af neyslusköttum
- Leggst á í tveimur þrepum eftir vöruflokkum

- Mynda einungis 8% af heildartekjum neysluskatta
- Víxlverkun við VSK skapar allt að 69% skatthlutfall á vörur

- Dæmi: Eldsneytis-, áfengis- og tóbaksgjöld

Heimild: Fjárlög, Fjársýsla ríkisins, Skýrsla fjármálaráðherra á Alþingi um einfaldara skattkerfi

# Miklar undanþágur frá virðisaukaskatti draga úr skilvirkni og innheimtum skatti kerfisins

## Ríflega þriðjungur einkaneyslu er undanþeginn eða á lægra þrepi virðisaukaskattskerfisins...

### Skipting einkaneyslu á milli virðisaukaskattsþrepa

% af heild




**Dæmi:**

- Rithöfundar
- Íþróttarvið-burðir
- Tónskáld

- Matvæli
- Sjónvarp & útvarp
- Vegatollar

- Ráðgjöf
- Raftæki
- Bygginga-vörur

## ...sem flækir virðisaukaskattkerfið og dregur úr innheimtum skatti

### Mat OECD á skilvirkni skattkerfa

Hlutfall af fræðilegu hámarki[1]




- Skilvirkni virðisaukaskattkerfisins á Íslandi er 15% undir meðaltali OECD sem gefur til kynna **hlutfallslega miklar undanþágur** eða **lágt innheimtuhlutfall**

1 Hlutfall af þeim virðisaukaskatti sem myndi innheimtast ef öll neysla félli undir hæsta þrep í viðkomandi landi og allur virðisaukaskattur myndi innheimtast

Heimild: Consumption Tax Trends 2012, OECD (2012)

# Misræmi í skattlagningu milli vöruflokka eykur neyslustýringu að óþörfu og dregur úr gagnsæi

**Álagning neysluskatta á nokkra vöruflokka**
%




- Þar sem ekki er um að ræða vöruflokka sem skapa neikvæð ytri áhrif er **ekki þörf á að stýra neyslu**
- Flókið fyrirkomulag er líklegra til að skapa **ósamræmi í álagningu staðkvæmdavara**

# Tollum og vörugjöldum fylgir hátt flækjustig og kostnaðarsamt utanumhald þrátt fyrir takmarkaða tekjuöflun

**Skipting tekna af neysluköttum[1]**
% af heild




- **Heildarfjöldi tollflokka er 364** með meðfylgjandi utanumhaldi og flækjustigi
- Heildartekjur af tollum eru einungis um **4% tekna** af neysluköttum

- Í heildina eru **120 vörugjaldaflokkar**
- Heildartekjur af vörugjöldum sem ekki er ætlað að leiðrétta neikvæð ytri áhrif eru **einungis 7% tekna**

1 Án tekna vegna vörugjalda af vörum með neikvæð ytri áhrif, s.s. áfengis-, tóbaks- og olíugjalds
Heimild: Fjárlög, Fjársýsla ríkisins

# Gera má kerfið hagkvæmt og gagnsætt með afnámi tolla og vörugjalda og einu lægra VSK-þrepi án kostnaðar fyrir ríkissjóð

**Fella niður vörugjöld og tolla sem fela ekki í sér samfélagslegan kostnað**

**Eitt virðisaukaskatts-þrep með fáum undantekningum**

**Tekjuöflun ríkisins vegna einföldunar á neysluskattskerfi**
Ma.kr.




1 Gjöld á neikvæð ytri áhrif eru ekki talin með hér
2 Miðað við tölur og forsendur IMF

# Innleiðing getur farið fram í þremur skrefum fram til ársins 2018

**Innleiðingarár**

**Skref 3** → 2018
- Almennur virðisaukaskattur lækkaður í 21%
- Lægra skattþrep sameinað við almennt VSK þrep

**Skref 2** → 2015
- Hærra VSK þrep lækkað úr 25,5% í 24,5%
- Lægra VSK þrep hækkað úr 7% í 14%

**Skref 1** → 2013
- Tollar og vörugjöld á vörum án neikvæðra ytri áhrifa afnumin
- Undanþágur frá VSK lagðar af eins og rúmast innan EES reglna

**Hlutlausara og einfaldara neysluskattskerfi dregur úr ógagnsæi og eykur hagkvæmni**

# Tillaga #6

**Áskorunum vegna skuldsetningar atvinnulífs verði mætt með skilvirkum hætti**

# Viðskiptalífið stendur enn frammi fyrir áskorunum vegna óskýrs eignarhalds og takmarkaðs eigendaaðhalds…

## Úrvinnsla á endanlegu eignarhaldi bankanna stendur enn yfir

**Eignarhald bankanna**

% af heild




- Uppgjör þrotabús bankanna verður mikilvægt skref í átt að **auknu gagnsæi og langtíma eigendaaðhaldi bankakerfisins**
- Það er þó ljóst að vanda þarf til verksins enda miklir hagsmunir í húfi, ekki síst fyrir **gjaldeyrisstöðu hagkerfisins**

## Enn er tiltölulega stór hluti fyrirtækja í eigu kröfuhafa og ríkisins

**Eignarhald á félögum með yfir milljarð í veltu**

% af heild




- Til viðbótar við beint eignarhald eiga kröfuhafar og ríkið bankana sem eiga **megnið af skuldakröfum á ofangreind fyrirtæki**

1. Með erlendu eignarhaldi er átt við erlenda aðila aðra en kröfuhafa. Hér eru einkum stóriðjufyrirtæki og mörg stærri útflutningsfyrirtæki landsins.

Heimild: Samkeppniseftirlitið. Fjármálaþjónusta á krossgötum

# ...og mikil skuldsetning fyrirtækja dregur úr fjárfestingum og skilvirkni á mörkuðum

## Háar skuldir íslenskra fyrirækja…

Árslok 2011




## …auka líkur á vanskilum

Vanskilahlutföll í bankakerfinu




## …draga úr fjárfestingagetu

Atvinnuvegafjárfesting, %VLF




## …og skaða samkeppni

Áhrif skulda á samkeppni, skali 1-10, 10=engin áhrif




1 Skuldamargfaldari sýnir stöðu langtímaskulda að frádreginni nettóstöðu handbærs fjárs í hlutfalli við 12 mánaða EBITDA

Heimild: Samkeppniseftirlitið, Hagstofa Íslands, Fjármálaeftirlitið, IMD World Competitiveness Report

# Þessar kringumstæður geta stuðlað að vítahring sem erfiðlega getur reynst að rjúfa



# Talsverðum árangri hefur þegar verið náð og hlutdeild banka í stærri fyrirtækjum fer minnkandi samhliða lækkandi vanskilum

**Hlutfall fyrirtækja þar sem bankar eru í ráðandi stöðu**




**Vanskilahlutföll stærri fyrirtækja í bankakerfinu**




Heimild: Samkeppniseftirlitið. Endurreisn fyrirtækja 2012, Aflaklær eða uppvakningar?
Upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu

# En betur má ef duga skal og samhent átak þarf til að efla traust og virkni viðskiptalífsins við núverandi kringumstæður

| | Úrlausn skulda- og eigendavanda | Aukið traust í viðskiptum |
|---|---|---|
| **Ábyrgð banka og annarra kröfuhafa** | ✓ Efla enn frekar áherslu á **hraða og skilvirka** endur-skipulagningu skulda<br>✓ Stuðla að **skráningu í Kauphöll** sem lausn á skuldavanda | ✓ Tryggja **góða stjórnar-hætti** í fyrirtækjum þar sem kröfuhafar eru í ráðandi stöðu |
| **Ábyrgð stjórnvalda** | ✓ Ríkið gangi fram með góðu fordæmi og **skrái Landsbankann** í Kauphöll<br>✓ **Uppgjör þrotabús bankanna** verði forgangs-verkefni stjórnvalda | ✓ Stjórnvöld auki gagnsæi í eignarhaldi með **miðlægri skráningu á eignarhlutum**<br>✓ Herða og fylgja eftir kröfum um **skil á ársreikningum** |
| **Ábyrgð fyrirtækja** | ✓ Fyrirtæki sýni **aukna fyrir-hyggju** við fjármögnun framtíðarfjárfestinga og **sæki eigið fé** í auknum mæli | ✓ Fræðsla, efling og eftirfylgni **góðra stjórnarhátta**<br>✓ Fyrirtæki sýni frumkvæði og ábyrgð við **skil á ársreikningum** |

## Árangur aðgerða



- Skilvirkari og hraðari skuldaúrvinnsla myndi stuðla að **sterkari fyrirtækjum** sem væru betur í stakk búin til að **auka fjárfestingar** og skapa **heilbrigða samkeppni**
- Skráning fyrirtækja auðveldar **aðgengi að fjármagni**, skapar viðvarandi **upplýsingaskyldu** og gagnsætt **aðhald eigenda**
- **Góðir stjórnarhættir** og aukið gagnsæi í rekstri félaga með takmarkaðri ábyrgð stuðlar að **bættu trausti í viðskiptum**

# Dagskrá

1. Fyrirkomulag Samráðsvettvangsins
2. Áskoranir og markmið
3. Þjóðhagsramminn
4. Inngangur að hagvaxtartillögum
5. Opinber þjónusta
6. Innlend þjónusta
7. **Auðlindageirinn**
8. Alþjóðageirinn

# Auðlindageirinn er undirstaða verðmætasköpunar í hagkerfinu vegna hás framlags til útflutnings

## Auðlindageirinn í tölum




- Auðlindagreinar standa undir **24% af framleiðslu** hagkerfisins[1]

| | Auðlindageirinn | Hagkerfið í heild |
|---|---|---|
| **Fjöldi starfa** | 25.000 | 167.000 |
| **Fjármagn** (ma.kr.) | 2.400 | 4.600 |
| **Útflutningur** (ma.kr.) | 700 | 860 |

## Helstu greinar

- Orkuframleiðsla
- Fiskveiðar
- Ferðaþjónusta
- Landbúnaður

## Vaxtarmarkmið

Heildarvöxtur til 2030, prósent




- Auðlindagreinar þurfa að auka útflutningstekjur verulega næstu árin
- Vegna takmarkaðs magns auðlinda þarf arðsemi að aukast í öllum auðlindagreinum á komandi árum

# Geirinn þjónar lykilhlutverki í verðmætasköpun en stendur frammi fyrir vaxtarskorðum vegna takmarkaðra náttúruauðlinda

**Útflutningur 2010**
Hlutfallsleg skipting, %




Auðlindageirinn stendur undir stærstum hluta útflutnings hagkerfisins

**Vaxtar-markmið**

**Orka**

- Tvöföldun orku-framleiðslu möguleg skv. rammaáætlun

**120%**

**Ferðaþjónusta**

- Aukning möguleg en vinsælustu áfanga-staðir mjög ásetnir

**60%**

**Fiskveiðar**[1]

- Erfitt að auka magn í miklum mæli vegna takmarkaðs vaxtar fiskistofna

**30%**

**Útflutningur 2030**
Hlutfallsleg skipting, %




Þrátt fyrir minnk-andi hlutfallslegt vægi verður geir-inn áfram undir-staða útflutnings

1 Vörur sem tengjast sjávarútvegi í gegnum hráefniskaup frá útgerð eða fiskvinnslu eru flokkaðar undir alþjóðageirann vegna alþjóðlegrar samkeppni. Snyrtivörur sem byggja á sjávarafurðum flokkast t.d. undir alþjóðageirann

# Með hliðsjón af framlagi auðlinda til verðmætasköpunar er brýnt að hámarka framleiðni bæði vinnuafls og fjármagns




## Meginverkefni

- **Orka** einkennist af háum virðisauka vinnuafls lágum fyrir fjármagn
- Brýnasta verkefnið er að auka arðsemi fjármagns í greininni með **hærra raforkuverði**

- **Ferðaþjónusta** einkennist af lágum virðisauka vinnuafls og fjármagns
- **Auka þarf arðsemi** í greininni frekar en fjölga ferðamönnum

- **Fiskveiðar** hafa háa framleiðni bæði vinnuafls og fjármagns og skapa mikinn virðisauka
- **Standa þarf vörð um skilvirkni** og tryggja sjálfbærni til langs tíma litið

# Vegna framlags náttúruauðlinda þurfa stjórnvöld að móta ramma auðlindageirans með virkari hætti en í öðrum greinum




- Áhrif þess ramma sem stjórnvöld sníða í kringum nýtingu auðlinda hefur mikil áhrif á **sjálfbærni og virðisauka** auðlindagreina
- Stjórnvöld ættu því að móta **nýtingarstefnu með virkum hætti** til að stuðla að hagkvæmri ráðstöfun auðlinda
- Samhliða er nauðsynlegt að tryggja að þeir **rekstrar-hvatar sem ramminn myndar skili arðsemi** innan viðkomandi greina

# Við leggjum fram 7 tillögur sem ætlað er að stuðla að stöðugleika og verðmætasköpun í auðlindageiranum

| Svið | Tillögur |
| --- | --- |
| **Auðlindir í heild** | 1 Samræmd stjórnun auðlinda |
| **Orkumál** | 2 Straumlínulagað leyfisveitingarferli<br>3 Arðbærari orkuframleiðsla<br>4 Tækifæri í sæstreng |
| **Ferðaþjónusta** | 5 Sjálfbær uppbygging ferðamannastaða |
| **Sjávarútvegur** | 6 Langtímasamningar í fiskveiðum |
| **Landbúnaður** | 7 Skilvirkt stuðningskerfi landbúnaðar |

# Við leggjum fram 1 tillögu sem ætlað er að samræma stjórnun hins opinbera á náttúruauðlindum

| | |
|---|---|
| **Auðlindir í heild** | 1 Samræmd stjórnun auðlinda |
| Orkumál | 2 Straumlínulagað leyfisveitingarferli |
| | 3 Arðbærari orkuframleiðsla |
| | 4 Tækifæri í sæstreng |
| Ferðaþjónusta | 5 Sjálfbær uppbygging ferðamannastaða |
| Sjávarútvegur | 6 Langtímasamningar í fiskveiðum |
| Landbúnaður | 7 Skilvirkt stuðningskerfi landbúnaðar |

# Tillaga #1

**Samræmd stjórnun auðlinda**

# Auðlindastjórnun snýst um að nýta auðlindir til verðmæta-sköpunar á sjálfbæran og hagkvæman hátt

**Stjórnun auðlinda**

- Aðallega **hlutverk hins opinbera**

**Nýting auðlinda**

- Aðallega **hlutverk einkageirans**




- **Grunnrannsóknir og vöktun**: Mat á umfangi auðlinda og afleiðingum ólíkrar nýtingar
- **Sjálfbærniviðmið**: Viðmið um hvernig staðið skuli að nýtingu svo langtímamarkmiðum sé náð. Unnin á grundvelli rannsókna í samvinnu við hagsmunaaðila
- **Stjórnkerfi nýtingar**: Umsjón leyfisveitinga og eftirlits innan ramma reglna um nýtingu

- **Eignarhald og úthlutun nýtingarréttar**: Hver nýtir, hve mikið, hvernig, hve lengi og gegn hvaða endurgjaldi (bæði hið opinbera og einkageiri koma að þessu skrefi)
- **Rannsóknir, mat og hönnun**: Hve mikið og hvernig borgar sig að nýta
- **Fjárfestingar í auðlindanýtingu**: Uppbygging og rekstur innviða

# Núverandi fyrirkomulag auðlindastjórnunar er flókið og án hlutverkaskiptingar í samræmi við skref ferlisins



# Við leggjum til einfaldara fyrirkomulag með skýrri hlutverka-skiptingu sem hámarkar virði auðlinda í opinberri eigu

| | Sjávarútvegur | Orka | Ferðaþjónusta | Landbúnaður |
|---|---|---|---|---|
| **Grunn-rannsóknir** | Háskólar og rannsóknarstofnanir | | | |
| **Sjálfbærni-viðmið** | UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ í samvinnu við hagsmunaaðila | | | |
| **Stjórnun nýtingar** | Fagstofnanir umhverfis- og auðlindaráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis ásamt sveitarfélögum | | | |
| **Eignarhald og úthlutun** | FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ | | | |

# Undir nýju fyrirkomulagi er aðkoma hins opinbera að auðlindanýtingu með tvennum hætti

## Auðlindastjórnun

### Aðkoma hins opinbera

- Stofnanir á sviðum ráðuneyta móta og framfylgja auðlindastefnu ríkisins

### Umsjón og ábyrgð

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

**Auðlindir**

- Grunn-rannsóknir og vöktun
- Nýtingar-/sjálfbærni viðmið
- Stjórnkerfi nýtingar
- Úthlutun nýtingar-réttar
- Rannsóknir, mat og hönnun
- Fjárfesting og rekstur

**Verðmæti**

## Eignarhald og úthlutun nýtingarréttar

### Aðkoma hins opinbera

- Umsjón með eignarhaldi og úthlutun nýtingarréttar á grundvelli auðlindanýtingarstefnu og sjálfbærniviðmiða

### Umsjón og ábyrgð

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Nýtingarréttur er meðhöndlaður í samræmi við stöðu verkefna og ný verkefni boðin út með tveggja þrepa útboðsferli

## Þrjú stig nýtingar og meðhöndlun

**Þegar í nýtingu**
- Langtíma nýtingarsamingar komi í stað núverandi fyrirkomulags
- Leigugjald ákvarðist útfrá sögulegum greiðslum og/eða arðsemi

**Nýting þegar skipulögð**
- Langtíma nýtingarsamingar komi í stað núverandi fyrirkomulags
- Leigugjald ákvarðist útfrá arðsemi fyrirhugaðrar nýtingar

**Ný verkefni**
- Úthlutað undir stöðluðu tveggja þrepa fyrirkomulagi

## Útboðsferli nýrra verkefna

**Auglýsing**
- Rammi um nýtingu ákvarðaður í samvinnu við fagráðuneyti
- Auglýst eftir tilboðum

**Forval**
- Tilboð metin á grundvelli ramma
- Ef fleiri en einn aðili uppfyllir skilyrði forvals er haldið áfram
- Annars er gengið til samninga

**Uppboð**
- Uppboð meðal aðila sem uppfylltu skilyrði forvals
- Fyrst og fremst keppt í verðum þar sem önnur skilyrði hafa verið tryggð í forvali

**Úthlutun**
- Úthlutað út frá skilgreindri nýtingarstefnu og ramma stjórnvalda

# Nýtt fyrirkomulag getur haft veigamiklar jákvæðar afleiðingar fyrir samfélagið



**Skilvirkari úthlutun**

- Gagnsæ og skilvirk úthlutun nýtingarréttar skapar verðmæti og sátt



**Bætt nýting auðlinda**

- Þeir aðilar sem best eru fallnir til nýtingar auðlinda eru frekar valdir til verksins



**Aukin arðsemi auðlindagreina**

- Betri nýting auðlinda skilar auknum langtímaarði



**Auknar tekjur hins opinbera**

- Hið opinbera innheimtir aukna auðlindarentu af auðlindum í sinni eigu

# Við leggjum fram 3 tillögur sem ætlað er að auka hámarka verðmætasköpun orkuauðlinda

| | |
|---|---|
| Auðlindir í heild | 1 Samræmd stjórnun auðlinda |
| **Orkumál** | 2 Straumlínulagað leyfisveitingarferli<br>3 Arðbærari orkuframleiðsla<br>4 Tækifæri í sæstreng |
| Ferðaþjónusta | 5 Sjálfbær uppbygging ferðamannastaða |
| Sjávarútvegur | 6 Langtímasamningar í fiskveiðum |
| Landbúnaður | 7 Skilvirkt stuðningskerfi landbúnaðar |

# Tillaga #2

**Straumlínulagað leyfisveitingarferli**

# Núverandi leyfisveitingarferli dregur úr fjárfestingu í auðlindagreinum

## Flókið ferli

Dæmi um leyfisveitingarferli í jarðvarma




Heimild: Mannvit

## Ótakmarkaðir afgreiðslufrestir

Afgreiðslutími, dagar






# Fara þarf frá núverandi fyrirkomulagi, þar sem nær allar stofnanir koma að öllum stigum leyfisveitingaferlisins

## Núverandi kerfi

- Hver stofnun sem kemur að umsókn athugar öll stig ferlisins í hver skipti

## Nýtt fyrirkomulag

- Hvert rannsóknar- og umhverfisleyfi er afgreitt einu sinni af hverri stofnun



# Endurbætt ferli hefur tvíþætt áhrif sem auka verðmætasköpun

## Áhrif endurbóta í leyfisveitingarferli




1. Fyrri byrjun arðbærra verkefna
2. Fleiri verkefni arðbær fyrr

## Útskýring áhrifa

- Endurbætt leyfisveitingarferli mun að jafnaði minnka afgreiðslutíma þeirra verkefna sem sótt er um, sem leiðir til **hraðari uppbyggingar án þess að draga úr kröfum um umhverfisvernd**
- Minni óvissa um afgreiðslutíma og kostnað af leyfisveitingarferli mun gera fleiri verkefni arðbær fyrr, sem leiðir til **hraðari uppbyggingar fleiri verkefna**

## Heildarábati væri verulegur

**Núvirði aukinnar fjárfestingar**
Ma. kr.



# Tillaga #3

## Arðbærari orkuframleiðsla

# Hagsmunir Landsvirkjunar og þeirra sem fara með hlut hins opinbera í félaginu geta verið ólíkir

## Arðsemissjónarmið

- Leitast við að hámarka **langtímavirði** félagsins
- Leiðin til þess er sjálfbær nýting þeirra orkuauðlinda sem fyrirtækið hefur nýtingarrétt yfir
- Fjárfestingar og vaxtarhraði eru ákveðin á viðskiptalegum forsendum

**Landsvirkjun**

## Pólitísk sjónarmið

- Leitast við að hámarka **ávinning þess sem fer með eignarhlut** í félaginu
- Tímamörk á setu kjörinna fulltrúa og takmörkuð ábyrgð eftir að henni lýkur getur leitt til ákvarðanatöku með skammtímahagsmuni fulltrúanna að leiðarljósi

# Opinbert eignarhald getur dregið úr arðsemi orkusölu vegna þrýstings á að virkjað sé í efnahagslægðum




1 Að núvirði. Fjárfestingartölur ná til ársins 2010, hagvaxtar- og álverðstölur til ársins 2012
2 Hringur miðast við ákvörðun um framkvæmd, ör miðast við verklok

# Arður ríkisins af eign sinni í Landsvirkjun er neikvæður ef ábyrgð þess á skuldum félagsins er tekin með í reikninginn




1 10 ára hlaupandi meðaltal sýnt á grafi
2 Kostnaður við ríkisábyrgð á skuldum Landsvirkjunar miðast við meðalvaxtamun AAA og BAA skuldabréfa skv. lánshæfismati Moody's frá 1966 til 2012 og 30% sögulegt eiginfjárhlutfall

# Hið opinbera getur aukið virði eigna sinna í Landsvirkjun með eigendastefnu sem dregur úr pólitískum þrýstingi

**Virði hlutar hins opinbera í Landsvirkjun**




**1 Eigendastefna**

- **Útfærsla:** Ríki og sveitar-félög setja reglur um skipan stjórnarmanna og afskipti af rekstri
- **Áhrif:** Fjárfestingarákvarðanir batna, sem eykur arðsemi

# Frelsi í fjármögnun myndi auka virði Landsvirkjunar enn frekar með því að gera félaginu kleift að vaxa á hagkvæmum hraða

**Virði hlutar hins opinbera í Landsvirkjun**




## 1 Eigendastefna

- **Útfærsla:** Ríki og sveitarfélög setja reglur um skipan stjórnarmanna og afskipti af rekstri
- **Áhrif:** Fjárfestingarákvarðanir batna, sem eykur arðsemi

## 2 Frelsi í fjármögnun

- **Útfærsla:** Útgáfa hlutafjár leyfileg að hluta, t.d. til óvirkra fjárfesta eins og lífeyrissjóða
- **Áhrif:** Hagkvæmur vaxtarhraði, sem getur aukið virði félagsins

# Með því að nálgast arðsemi sambærilegra orkufyrirtækja gæti Landsvirkjun skilað árlega tugum milljarða í aukinn virðisauka



# Tillaga #4

## Tækifæri í sæstreng

# Einangrun íslenska raforkukerfisins eykur áhættu þess og tækifæri til aukinnar hagkvæmni glatast

### Ófullnægjandi öryggi afhendingar

Truflanir í raforkuframleiðslu, t.d. vegna tæknilegra örðugleika eða náttúruhamfara gætu valdið **verulegum skaða fyrir orkufrekan iðnað** og skapað hinu opinbera háa bótaskyldu vegna orkusamninga

### Óhagkvæm nýting orkunnar

Vatnsaflsvirkjanir hérlendis þurfa að **fórna verulegu magni raforkuorku á hverju ári** með því að leiða vatn framhjá rafölum virkjana. Umframafl í raforkukerfinu þarf að vera verulegt til að tryggja afhendingaröryggi raforku til stóriðju en ekki er hægt að selja umframorkuna



### Ófullnægjandi öryggi eftirspurnar

Samdráttur í eftirspurn eftir raforku, t.d. ef álver hættir framleiðslu hérlendis, getur **skaðað orkuframleiðendur** verulega vegna hás fjármagnskostnaðar sem liggur að baki virkjunum

### Ófullnægjandi arðsemi af auðlindinni

Lægra orkuverð hérlendis vegna **veikrar samningsstöðu raforkuframleiðenda gagnvart orkukaupendum** fækkar hagkvæmum virkjanamöguleikjum og dregur því bæði úr arðsemi og magni auðlindarentu

# Sæstrengur til Bretlands myndi auka bæði öryggi og virðisauka í orkuframleiðslu hérlendis




- ✓ Aukið afhendingaröryggi
- ✓ Hagkvæmari framleiðsla
- ✓ Aukið eftirspurnaröryggi
- ✓ Hærri arðsemi orkuauðlindar

# Veruleg verðmæti eru til skiptanna ef samningar nást milli landanna um að íslensk raforka sé skilgreind sem græn orka

## Samanburður á kostnaði við sæstreng og kostnaði Breta við græna raforku




Heimild: McKinsey (2012): Charting a Growth Path for Iceland; verkefnisstjórn

# Áhrif orkuverðs á kaupmátt heimila eru lítil vegna opinbers eignarhalds á raforkuframleiðslu og hás flutningskostnaðar

## Opinbert eignarhald á orkuframleiðslu

Eignarhald orkuframleiðslu, prósent




- Raforkuframleiðsla á Íslandi er að mestu í eign opinberra aðila, svo hærra raforkuverð skilar sér til baka í lægri álögum

## Hár dreifingarkostnaður dempar hækkun

Raforkureikningu heimila m.v. 20% hækkun framleiðsluverðs raforku




- 20% hækkun á söluverði raforku-framleiðenda myndi einungis hækka raforkureikning heimila um 8%

# Áður en hægt er að taka ákvörðun um sæstreng þurfa íslensk stjórnvöld að ná samningum við Breta um þrjú atriði

**Efni samningaviðræðna**

1. Aðgangur íslenskra orkuframleiðenda að stuðningi breskra stjórnvalda við framleiðendur endurnýjanlegrar orku
2. Ákvörðun söluverðs raforku gegnum sæstreng inn á bæði raforkukerfi
3. Rekstrarform og eignarhald á rekstraraðila sæstrengs

# Náist slíkir samningar getur orkusala nálgast arðsemi norska olíusjóðsins með uppbyggingu sæstrengs og innlends iðnaðar




Heimild: McKinsey (2012): Charting a Growth Path for Iceland

# Við leggjum fram 1 tillögu sem ætlað er að stuðla að aukinni fjárfestingu og verðmætasköpun í ferðaþjónustu

| | |
|---|---|
| Auðlindir í heild | 1 Samræmd stjórnun auðlinda |
| Orkumál | 2 Straumlínulagað leyfisveitingarferli<br>3 Arðbærari orkuframleiðsla<br>4 Samningur um sæstreng |
| **Ferðaþjónusta** | 5 Sjálfbær uppbygging ferðamannastaða |
| Sjávarútvegur | 6 Langtímasamningar í fiskveiðum |
| Landbúnaður | 7 Skilvirkt stuðningskerfi landbúnaðar |

# Tillaga #5

## Sjálfbær uppbygging ferðamannastaða

# Án stjórnunar á flæði ferðamanna sitja vinsælustu ferðamannastaðir landsins undir skemmdum vegna álags

**Flæði ferðamanna eftir landsvæðum**
Árlegur fjöldi gesta

**Fjöldi gesta á Gullfoss og Geysi**
Meðalfjöldi á dag




- Vinsælustu ferðamannastaðir **nálgast náttúrulegt hámark** fjölda ferðamanna
- Þar sem staðirnir skapa ekki tekjur er **hvati til fjárfestinga í innviðum ekki til staðar**
- Án nokkurra aðgangstakmarkana er **hætta á átroðningi ferðamanna** og verri upplifun þeirra ferðamanna sem heimsækja þessa staði

# Aðgangsgjöld draga úr átroðningi og skapa tekjur fyrir uppbyggingu ferðamannastaða

## Áhrif stýringar með aðgangsgjöldum




- Aðgangseyrir **dregur úr umferð** og þar með **umhverfisskaða átroðslu**
- Hafa má áhrif á **árstíðabundnar sveiflur** með því að breyta aðgangseyri

## Mögulegar tekjur frá stöðum sem til greina koma




- Varfærið mat á tekjum af aðgangseyri af helstu ferðamannastöðum er um **1.5 milljarður ISK á ári**
- Þetta myndi skapa tækifæri til **fjárfestinga í aðbúnaði á ferðamannastöðum** til að draga úr áhrifum umferðar og bæta upplifun ferðamanna

1 Forsendur varðandi verðteygni eru byggðar á rannsóknum Blake og Cortes-Jiménez (2007): “The Drivers of Tourism Demand”
2 Aðgangseyrir er valinn með markmið um 3% samdrátt árlegra gesta miðað við núverandi fjölda

# Þrískipt kerfi tekur tillit til ólíkra eiginleika ferðamannastaða

| | Lýsing | Fyrirkomulag gjaldtöku |
|---|---|---|
| **Vinsælustu ferðamanna-staðir** | ▪ Mjög vinsælir staðir og staðir þar sem þolmörkum er náð<br>▪ Krefst nægjanlegrar umferðar til að standa undir gjaldtöku á staðnum | ▪ Gjald tekið á staðnum til að fjármagna uppbyggingu og rekstur<br>▪ Rekstur ferðamannastaða í eigu ríkisins boðinn út tímabundið innan þess ramma sem nýtingarstefna ríkisin segir til um (sjá fyrri tillögu) |
| **Aðrir ferðamanna-staðir** | ▪ Vinsælir staðir sem standa þó ekki undir gjaldtöku á staðnum<br>▪ Bæði staðir í einkaeigu sem og í opinberri eigu | ▪ Ferðakort veitir almennan aðgang að öllum stöðum innan flokks<br>▪ Lágmarkskröfur til staða sem taka þátt, t.d. hvað varðar aðstöðu og umferð |
| **Framtíðar ferðamanna-staðir** | ▪ Staðir með takmarkaða umferð í dag sem gætu þó aflað sér vinsælda til lengri tíma litið | ▪ Ferðakort gæti nýst til kynningar slíkra staða<br>▪ Njóta ekki beinna tekna af ferðakorti |

# Skipting staða grundvallast á tekjumöguleikum og kostnaði við uppbyggingu og rekstur



# Ferðakort er skilvirk leið til gjaldtöku sem skapar forsendur fyrir uppbyggingu og auknar tekjur af ferðaþjónustu

## Verðlagning

- Gjald sem næmi t.d. 3.000 ISK mundi veita aðgang að ferðamannastöðum í eitt ár
- Sérstakar lausnir fyrir íslendinga, s.s. lægra verð langtímakorta eða að hið opinbera veiti þeim almennan aðgang

## Tekjuskipting

- Tekjur renna til ferðamannastaða beint að hluta og að hluta í sjóð til fjárfestinga í uppbyggingu
- Nýir staðir teknir inn þegar almenn skilyrði um umferð og þjónustu eru uppfyllt




## Sala og eftirlit

- Hægt væri að kaupa kortið á um borð í flugvélum, á flugvöllum, hótelum og víðar
- Starfsmenn sinna eftirliti með óreglubundnum heimsóknum á ferðamannastaði
- Nægjanlega hátt gjald væri tekið af ferða-mönnum án korta til að tryggja almenna notkun

## Umsýsla

- Aðilar að ferðakortinu fari sameiginlega með stjórnun, t.d. Í gengum sjálfseignarstofnun eða sambærilegt

# Slíkt fyrirkomulag leiðir til hringrásar jákvæðra afleiðinga - minni umhverfisáhrifa, bættrar afkomu og betri upplifunar gesta

### Nýr tekjustraumur
- Flokkur 1 gæti skapað um 1-2 milljarða ISK á ari
- Flokkur 2 gæti skapað um 1-2 milljarða ISK á ári

### Sjálfbær nýting og uppbygging
- Tekjur skapa forsendur til langtíma uppbyggingar
- Bætt stýring á flæði, fjárfestingar og jafnari umferð draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi og upplifun
- Tækifæri til jöfnunar árstíða-sveiflna



### Bætt upplifun ferðamanna
- Uppbygging í aðstöðu, dreifing álags og fjölgun svæða leiðir til bættrar upplifunar ferðamanna sem heimsækja Ísland
- Skapar möguleika á að draga að ferðamenn sem skapa auknar tekjur

### Aukin nýsköpun
- Hvatar skapast hjá einkaaðilum til að stuðla að sjálfbærri nýtingu til lengri tíma
- Meiri dreifing í tíma og milli landsvæða skapar tækifæri fyrir nýsköpun í ferðaþjónustu

# Við nánari útfærslu á lausninni er mikilvægt að koma á samvinnu stjórnvalda, sveitarfélaga og einkaaðila

### Stjórnvöld

- **Auðlinda- og umhverfisráðuneytið** vegna mótunar sjálfbærni-viðmiða
- **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið** vegna atvinnusjónarmiða
- **Fjármálaráðuneytið** útfrá eigendasjónarmiðum

### Sveitarfélög

- **Sveitarfélögin** hafa mikilvægu hlutverki að gegna t.d. í skipulags-málum

### Einkaaðilar

- Fulltrúar **fyrirtækja og rekstraraðila** í ferðaþjónustu
- Fulltrúar **eigenda jarða og náttúrusvæða** sem eru í einkaeigu
- Fulltrúar **almennings** vegna sjónarmiða, s.s. um náttúruvernd og aðgengi almennings.

### Samráðshópur

### Helstu viðfangsefni

- **Mótun á ramma um nýtingu vinsælla ferðamannastaða**
- **Lykilskref í auðlinda-stjórnun stjórnvalda eins lýst var hér að framan**
- Verkefni:
  - Mótun nýtingarramma fyrir fyrir einstök svæði
  - Útfærsla á úthlutun nýtingarréttar
  - Fyrirkomulag gjaldtöku og skipting arðs milli hagsmunaaðila
  - Fyrirkomulag eftirlits með nýtingu

# Við leggjum fram 1 tillögu sem ætlað er að stuðla að aukinni sátt og stöðugleika í sjávarútvegi

| | | |
|---|---|---|
| Auðlindir í heild | 1 | Samræmd stjórnun auðlinda |
| Orkumál | 2 | Straumlínulagað leyfisveitingarferli |
| | 3 | Arðbærari orkuframleiðsla |
| | 4 | Samningur um sæstreng |
| Ferðaþjónusta | 5 | Gjaldtaka á ferðamannastöðum |
| **Sjávarútvegur** | **6** | **Langtímasamningar í fiskveiðum** |
| Landbúnaður | 7 | Skilvirkt stuðningskerfi landbúnaðar |

# Tillaga #6

**Langtímasamningar í fiskveiðum**

# Arðsemi og framleiðni í fiskveiðum hefur aukist mikið og er nú með því allra besta sem þekkist í heiminum

## Íslenskur sjávarútvegur er arðbær í alþjóðlegu samhengi...

**Framlegðarhlutfall**
EBITDA/tekjur




**Framlegð á starfsmann**
Þús. USD




## ... og framleiðni greinarinnar er há

Nýtingarhlutfall fisks
% af þyngd[1]




Söluverðmæti fisks
Evrur/kg veitt[1]




1 Útreikningar byggja á tölum frá 2009
Heimild: Verkefnisstjórn

# Þrátt fyrir mikla hagkvæmni og verðmætasköpun skorti sátt um kvótakerfið og þar með pólítískan stöðugleika

| | Kvótakerfið fyrir veiðigjald |
|---|---|
| **Hagkvæmni** | ✓ |
| **Stöðugleiki** | ✗ |
| **Sátt** | ✗ |

## Kvótakerfi fyrir veiðigjald

### Lýsing

- Framseljanlegar aflaheimildir tryggja hagkvæmni
- Skortur á eignarrétti nýtingaraðila skapaði smám saman aukna óvissu um rekstur
- Engin auðlindarenta var innheimt þrátt fyrir ákvæði um eignarrétt hins opinbera yfir auðlindinni

# Veiðileyfagjald kom að hluta til móts við sjónarmið um innheimtu auðlindarentu en dró úr hagkvæmni greinarinnar

| | Kvótakerfið fyrir veiðigjald | Núverandi kerfi |
|---|---|---|
| **Hagkvæmni** | ✓ | (✓) |
| **Stöðugleiki** | ✗ | ✗ |
| **Sátt** | ✗ | (✗) |

## Núverandi kerfi

### Lýsing

- Veiðileyfagjald er óskilvirk leið til gjaldtöku vegna ómarkvissar álagningar
- Útgerð hefur ekki eignarrétt yfir veiði-heimildum, sem skapar pólitíska óvissu
- Takmörkuð sátt vegna deilna um upphæð gjaldheimtu og skaðlegra áhrifa á hagkvæmni

# Nýtt fyrirkomulag þarf að endurheimta hagkvæmni og skapa um leið bæði sátt og stöðugleika til lengri tíma litið

| | Kvótakerfið fyrir veiðigjald | Núverandi kerfi | Nýtt fyrir-komulag |
|---|---|---|---|
| **Hagkvæmni** | ✓ | (✓) | ✓ |
| **Stöðugleiki** | ✗ | ✗ | ✓ |
| **Sátt** | ✗ | (✗) | ✓ |

## Nýtt fyrirkomulag

### Lýsing

- Hagkvæmni tryggð og neikvæð áhrif innheimtu auðlindarentu lágmörkuð
- Rekstraraðilar njóti verndar gagnvart breytingum á gjaldtöku og nýtingarrétti
- Sanngjörn greiðsla rekstraraðila til hins opinbera sem mismunar ekki

# Samningar um nýtingarrétt getur tekið við af veiðileyfagjaldi og náð þannig markmiðum um hagkvæmni, sátt og stöðugleika

## Nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi tæki smám saman við




## Samningar um nýtingarrétt

### Fyrirkomulag

- Tveir flokkar af aflahlutdeild: núverandi kerfi og ný tímabundin leyfi
- Nægjanlega langir samningar til að tryggja fyrirsjáanleika, t.d. til 15-20 ára
- Samningar framseljanlegir til að tryggja framleiðni í greininni
- Samningar boðnir út af hinu opinbera, sem er sanngjarnari gjaldtaka en núverandi veiðileyfagjald

### Afleiðingar

- Eignarréttindi nýtingaraðila skapa forsendur fjárfestingar og arðsemi
- Sala samninga skapar tekjur fyrir hið opinbera án þess að fórna skilvirkni

# Sama magn nýtingarsamninga væri boðið út á hverju ári um ókomna framtíð

**Samningum með föstum gildistíma væri úthlutað á hverju ári**



# Fyrsta úthlutun í nýju kerfi og fyrir nýjar tegundir gæti byggt að hluta til á veiðireynslu til að veita nýtingaðilum sveigjanleika

## Hlutaskipt úthlutun í fyrstu umferð nýrra samninga



# Samningar tryggja réttindi sem hverfa ekki við kerfisbreytingar og tryggja nýtingaraðilum því stöðugan rekstrargrundvöll

## Fyrirsjáanleiki gagnvart kerfisbreytingum



# Þetta fyrirkomulag myndi endurheimta hagkvæmni og skapa bæði sátt og stöðugleika

| | Núverandi kerfi | Langtímasamningar |
|---|---|---|
| **Nýtingarréttur** | ▪ Úthlutun til þess tíma sem óbreytt kerfi er við lýði<br>▪ Háð verulegri pólitískri óvissu til lengri sem skemmri tíma<br>▪ Takmarkanir á framsali | ▪ Einkaréttarlegir nýtingarsamningar með föstum gildistíma<br>▪ Pólitísk óvissa einungis um hvað við tekur þegar samningar renna út<br>▪ Samningar að fullu framseljanlegir |
| **Gjaldtaka** | ▪ Gjald háð meðalafkomu allrar útgerðar og vinnslu samkvæmt skattframtölum fyrri ára<br>▪ Mikil hætta á ósanngjarnri og óskilvirkri gjaldtöku | ▪ Gjald heimt með uppboði samninga<br>▪ Umfangi gjaldtöku stjórnað með að úthluta einnig á grundvelli heildar aflahlutdeildar<br>▪ Forkaupsréttur nýtingaraðila eykur fyrirsjáanleika<br>▪ Gjald ákvarðað á markaðsforsendum |

# Langtímasamningar veita einnig stöðugleika sem er forsenda áframhaldandi langtímafjárfestinga og verðmætasköpunar




Núverandi kerfi eykur áhættuálag fjárfestinga vegna pólitískrar óvissu og óskilvirkrar gjaldtöku og **dregur þar með úr hvata til fjárfestingar til lengri tíma**

Með langtíma úthlutun nýtingarréttar og skilvirkari fyrirkomulagi gjaldtöku má skapa forsendur fyrir **aukinni langtímafjárfestingu og verðmætasköpun** í sjávarútvegi

# Við leggjum fram 1 tillögu sem ætlað er að stuðla að aukinni sátt og stöðugleika í sjávarútvegi

| | |
|---|---|
| Auðlindir í heild | 1 Samræmd stjórnun auðlinda |
| Orkumál | 2 Straumlínulagað leyfisveitingarferli |
| | 3 Arðbærari orkuframleiðsla |
| | 4 Tækifæri í sæstreng |
| Ferðaþjónusta | 5 Gjaldtaka á ferðamannastöðum |
| Sjávarútvegur | 6 Langtímasamningar í fiskveiðum |
| **Landbúnaður** | 7 Skilvirkt stuðningskerfi landbúnaðar |

# Tillaga #7

## Skilvirkt stuðningskerfi landbúnaðar

# Við mótun landbúnaðartillögu er gengið út frá því að stuðningi við landbúnað sé viðhaldið

**Landbúnaðar-stefna**

- **Stuðningur við landbúnað**
- Enginn stuðningur við landbúnað
  - Líklegt má telja að landbúnaður myndi að verulegu leyti leggjast af án stuðnings

## Gera þarf stuðningskerfið sem árangursríkast

### Helstu áskoranir

- Beinn stuðningur einskorðast við hefðbundnar búgreinar sem dregur úr hvötum til nýsköpunar
- Framseljanleiki hefur dregið úr virkni stuðnings og kjör og samkeppnishæfni hefur því versnað
- Tillaga um breytingar á tollaumhverfi mun krefjast svigrúms til að mæta breytingum – forsenda þess er sveigjanlegra stuðningsfyrirkomulag

### Breyttir hvatar

- Umgjörð þarf að hvetja bændur til að nýta eignir sínar til að skapa sem mest verðmæti
- Stuðningskerfið má ekki koma í veg fyrir nýsköpun og eðlilega þróun í landbúnaði
- Draga þarf úr neikvæðum áhrifum kerfisins á samkeppnishæfni
- Skapa þarf umhverfi sem leyfir bændum að taka ákvarðanir á eðlilegum viðskiptalegum forsendum

# Landbúnaðarstuðningur í dag er að verulegu leyti bundinn framseljanlegum heimildum sem skila sér ekki til bænda

## Minna en 10% af landbúnaðarstuðningi er almennur

Niðurgreiðslur í landbúnaði, ma. kr. (2012)




## Beingreiðslur skila sér ekki til bænda

Hlutfall styrks sem skilar sér til bænda




- Yfir 60% af landbúnaðarstuðningnum er úthlutað á grundvelli framseljanlegs greiðslumarks
- Nýliðar þurfa að kaupa sig inn í stuðningskerfið
- Kerfið leiðir til **hás fjármagnskostnaðar** og þeir sem hætta búskap taka til sín mjög stóran hluta af hinum virka stuðningi
- Eftir því sem kerfið er lengur í gildi minnkar virkni þess

# Niðurgreiðslur þurfa að færast frá sértækum búgreinastuðningi í átt að almennari jarðræktarstuðningi



# Nýtt stuðningskerfi mun styðja betur við framleiðniaukningu í landbúnaði hérlendis með þrennum hætti

## #1

### Jarðræktarstuðningur verður ný undirstaða

- Ríkið skiptir sér ekki af því hvað bændur framleiða, en hvetur til ræktunar lands
- Stuðningurinn rennur í upphafi til núverandi beingreiðsluhafa

## #2

### Sértækur stuðningur við einstakar greinar minnkar

- Sérstök stuðningskerfi verða áfram til fyrir lambakjöt, ull, nautakjöt og grænmeti, en í smærri mynd

## #3

### Stuðningur við aðra þætti eykst

- Stóraukinn fjárfestingarstuðningur eykur nýsköpun og nýliðun
- Stuðningur við lífræna ræktun eykst

# Dagskrá

1. Fyrirkomulag Samráðsvettvangsins
2. Áskoranir og markmið
3. Þjóðhagsramminn
4. Inngangur að hagvaxtartillögum
5. Opinber þjónusta
6. Innlend þjónusta
7. Auðlindageirinn
8. **Alþjóðageirinn**

# Í alþjóðageiranum er að finna stærstu vaxtartækifæri íslensks atvinnulífs

## Alþjóðageirinn í tölum[1]




- Alþjóðageirinn stendur undir **12% af framleiðslu** hagkerfisins




## Skilgreining

*Til alþjóðageirans flokkast þau fyrirtæki sem eru í samkeppni á erlendum mörkuðum og eru að mestu óháð staðbundnum auðlindum landsins*

## Vaxtarmarkmið




- Alþjóðageirinn þarf að **vaxa mun hraðar en hagkerfið í heild** þar sem hann þjónar lykilhlutverki í útflutningsvexti næstu ára

1 McKinsey & Company, Charting a Growth Path for Iceland, 2012; Hagstofa Íslands

# Framlag geirans til landsframleiðslu og útflutnings er tiltölulega lágt miðað við samanburðarlönd

**Hlutdeild alþjóðageira á Norðurlöndum**[1]

Hlutfall virðisauka 2009, prósent




**Mögulegar útskýringar á lágu framlagi**

- **Óstöðugt** og **ófyrirsjáanlegt viðskiptaumhverfi**
- **Smæð** og **fjarlægð** frá erlendum mörkuðum
- Ójafnvægi í samsetningu vinnuafls, **vöntun á tækni- og raungreinamenntuðu fólki**
- Aðgengi að **erlendri sérfræðiþekkingu ábótavant**
- **Fjárfestingar** í rannsóknum og þróun **skila sér ekki** í nýsköpunar- og atvinnutækifærum
- **Óskilvirkt stuðnings-** og **styrkjakerfi**
- **Takmarkað aðgengi að fjármagni -** einkum að erlendu fjármagni

1 McKinsey & Company, Charting a Growth Path for Iceland, 2012; Hagstofa Íslands

# Með hliðsjón af vaxtaskorðum auðlindagreina mun alþjóða-geirinn þurfa að standa undir vaxandi hlutfalli útflutnings

**Spá um útflutningsþörf miðað við 3,5% hagvöxt til 2030**

Þúsundir ma.kr




| Útflutnings-grein | Spá um heildar-aukningu | Hlutfall af heildarútflutningi 2012 | Hlutfall af heildarútflutningi 2030 (spá) |
|---|---|---|---|
| Sjávarútvegur | ~30% | ~24% | ~15% |
| Orkutengd framleiðsla | ~120% | ~28% | ~30% |
| Ferðaþjónusta | ~60% | ~23% | ~18% |
| Önnur þjónusta | ~200% | ~12% | ~18% |
| Aðrar vörur | ~200% | ~13% | ~19% |

# Til að tryggja vöxt og framgang alþjóðgeirans þarf að skapa rekstrarumhverfi á Íslandi sem stenst alþjóðlegan samanburð

### 1 Stöðugleiki



- Efnahagslegur stöðugleiki og fyrirsjáanleg rekstrarskilyrði skapa megin-grundvöll þess að alþjóðleg fyrirtæki þrífist hérlendis

### 2 Tengingar



- Tæknistig og tengingar eru með besta móti og gera Íslandi kleift að byggja upp alþjóðlega starfsemi

### 3 Mannauður



- Aðgengi að hæfu starfsfólki er forsenda alþjóðlegrar starfsemi og því mikilvægt að efla mannauð

### 4 Nýsköpun



- Réttir hvatar og hagfelld skilyrði til nýsköpunar auka sam-keppnishæfni með nýjum fyrirtækjum og þekkingu

### 5 Fjárfesting



- Fjárfestinga-umhverfi og úthlutunarkerfi þarf að vera gagnsætt og skilvirkt til að byggja ný vaxtartækifæri

Tillögur til úrbóta lagðar fram með **þjóðhagsramma** síðasta fundar

Ísland **stendur vel að vígi** þrátt fyrir landfræðilega einangrun

Mikil tækifæri til úrbóta og **megináhersla hagvaxtartillagna alþjóðageirans**

# Afnám hafta er skilyrði fyrir vexti og framgangi alþjóðageirans

**Opið og stöðugt fjármögnunar- og fjárfestingarumhverfi þarf að vera til staðar til að styðja við uppbyggingu nýrra tækifæra**

***Markmið Samráðsvettvangs***

*Heildstæð og trúverðug langtímastefna um uppbyggingu útflutningsgreina og raunvöxt hagkerfisins*

***Á könnu stjórnvalda***

*Skilvirk áætlun um afnám hafta byggð á raunhæfum tímamörkum og góðu upplýsingaflæði*

Trúverðug langtíma-stefna í efnahags-málum styrkir grundvöll fyrir sértækum aðgerðum

***Langtíma-aðgerðir***

**Afnám hafta**

***Sértækar aðgerðir***

Skilvirk áætlun um afnám hafta styrkir forsendur fyrir langtíma-hagvexti og uppbyggingu

SAMRÁÐSVETTVANGUR UM AUKNA HAGSÆLD
Iceland Growth Forum

# Þrátt fyrir að landfræðileg lega landsins skapi umtalsverða fjarlægð frá alþjóðlegum mörkuðum...



# ...þá skapa sterkar tengingar mikilvægan grundvöll fyrir vöxt og framgang alþjóðlegrar starfsemi




**Flugsamgöngur:**
- 31 þúsund millilandaflug
- 2,4 milljónir farþega
- 40 þúsund tonn af vörum

**Sjóflutningar:**
- 40 flutningaskip
- Vikulega til Evrópu
- Hálfsmánaðarlega til N-Ameríku

**Sæstrengir:**
- FARICE til UK og DANICE til DK
- GREENLAND CONNECT til CA
- 95% heimila nettengd

# Við leggjum fram sjö tillögur sem ætlað er að stuðla að vexti og framgangi alþjóðageirans

**Aðgengi að hæfu starfsfólki**

1. Aukið menntunarstig með styttingu grunn- og framhaldsskólanáms
2. Hvatar til að fjölga tækni- og raungreinamenntuðum
3. Skattaívilnanir og forgangsafgreiðsla fyrir erlenda sérfræðinga

**Aðgengi og nýting fjármagns**

4. Opinbert fjármagn til rannsóknarstarfs verði nýtt með skilvirkari hætti
5. Öflug fjárfestingaeining einkaaðila og hins opinbera á sprota- og vaxtarstigi
6. Skattalegir hvatar til fjárfestinga í nýsköpun verði efldir
7. Regluverk fyrir erlenda fjárfestingu verði bætt

# Við leggjum fram þrjár tillögur sem ætlað er að tryggja aðgang að hæfu starfsfólki

**Aðgengi að hæfu starfsfólki**

1. Aukið menntunarstig með styttingu grunn- og framhaldsskólanáms
2. Hvatar til að fjölga tækni- og raungreinamenntuðum
3. Skattaívilnanir og forgangsafgreiðsla fyrir erlenda sérfræðinga

**Aðgengi og nýting fjármagns**

4. Opinbert fjármagn til rannsóknarstarfs verði nýtt með skilvirkari hætti
5. Öflug fjárfestingaeining einkaaðila og hins opinbera á sprota- og vaxtarstigi
6. Skattalegir hvatar til fjárfestinga í nýsköpun verði efldir
7. Regluverk fyrir erlenda fjárfestingu verði bætt

# Tillaga #1

**Aukið menntunarstig með styttingu grunn- og framhaldsskólanáms**

# Íslenskir nemendur útskrifast seinna en jafningjar í Evrópu

- **Fyrirkomulag kerfisins gerir ráð fyrir 2 árum lengri tíma til að ljúka framhaldsskóla**




- **Íslenskir háskólastúdentar eru að meðaltali 5 árum eldri en jafningjar í Evrópu**




Heimildir: Hagstofa Íslands, OECD

# Langur námstími getur leitt til aukins brottfalls

**Brottfall á skólagöngu**
prósentur árgangs




- Um **30% Íslendinga ljúka ekki** neinu námi á **framhaldsskólastigi**
- Brottfallið er mest undir lok framhaldsskólanáms, en 60% brottfalls þar er á fjórða ári eða seinna

**60% brottfalls úr framhaldsskólum á sér stað að loknu þriðja ári**

# Við leggjum til að íslenskum nemendum sé gert kleift að útskrifast á sama aldri og jafningjar þeirra í nágrannalöndunum

**Með því að stytta grunn- og framhaldsskóla um eitt ár hvorn…**




**… mætti uppskera margvíslegan ábata**

- Brottfall úr framhalds-skólum lækki
- Aukið menntastig, fleiri nemendur hefji háskólanám
- Einskiptis aukning í landsframleiðslu um ~3-5% vegna hærra hlutfalls vinnuafls[1]

1 Tveir árgangar bætast við vinnumarkað. Gert er ráð fyrir meðallaunum og meðalatvinnuþátttöku.

# Tillaga #2

**Hvatar til að fjölga tækni- og raungreinamenntuðum**

# Hlutfall þeirra sem útskrifast úr raungreinum og verkfræði á háskólastigi er lægst á Íslandi af Norðurlöndum

## Útskrifaðir háskólanemar á Norðurlöndum

Prósent af öllum útskrifuðum háskólanemum 2009




**"Skortur á raunvísinda- og tæknimenntuðu fólki er helsti þröskuldurinn í vegi aukins hagvaxtar á komandi árum"**

Evrópusambandið

Heimildir: Tertiary education graduates by field of education 2009 Eurodyce 2012, ISCED 5 & 6; Hagstofa Íslands

# Bilið á milli fjölda þátttakenda í tækni- og raungreinum og félagsvísindum hefur farið stækkandi undanfarinn áratug

**Hlutfall útskrifaðra úr háskólanámi eftir greinum[1]**




**„Fjölga þarf einstaklingum sem velja raunvísinda- og tæknimenntun um að lágmarki 82% næstu árin eða úr 1100 í 2000 manns til að mæta þörf íslensks atvinnulífs“**

Staða íslenskra nemenda og framtíðarþörf samfélagsins[2]



1 Tertiary education graduates by field of education 2009 Eurodyce 2012, ISCED 5 & 6; Hagstofa Íslands
2 Staða íslenskra nemenda og framtíðarþörf samfélagsins, Samtök iðnaðarins, Mennta- og menningamálaráðuneyti og Samtök íslenskra sveitarfélaga, 2012

# Við leggjum til aukna áherslu á gæði menntunar – sérstaklega á sviði tækni- og raungreina



**Efla færni og menntun kennara**

**Endurskoða kennaranám** og **kröfur** um sérgreinakennslu



**Endurskoða vinnufyrirkomulag í skólum**

Koma á fót **árangursmati** í kennslu og auka **sveigjanleika** í rekstri



**Auka hlutfall kennslustunda í raungreinum**

Nýta líkt og Finnar helming allra kennslustunda í **raungreinar og lestur** (PISA fög) í stað 39%



**Auka áhuga ungmenna á tækni- og raungreinum**

Hvatning á **öllum stigum náms**, allt frá leikskólum til framhaldsskóla

- Bætt gæði menntunar
- Kennarastarf eftirsóknar-verðara
- Hærra hlutfall tækni- og raungreina-menntaðra

# Tillaga #3

**Skattaívilnanir og forgangsafgreiðsla fyrir erlenda sérfræðinga**

# Samkeppnishæfni Íslands um vinnuafl á alþjóðlegum vinnumarkaði er ábótavant

## Litlir hvatar til að velja Ísland

- **Óskilvirkni í veitingu atvinnu- og dvalarleyfa**
- **Engar skattalegar ívilnanir**
- Vöntun á alþjóðlegum skólum
- Engin sérhæfð flutninga-þjónusta (e. relocation service)
- Oft á tíðum neikvætt viðhorf til erlendra starfsmanna

**Samkvæmt rannsókn hefur þátttaka erlendra sérfræðinga ýmis jákvæð áhrif í för með sér, m.a. aukna nýsköpun, þekkingarmiðlun milli landa og aukinn útflutning[3]**

## Skattaívilnanir fyrir erlenda sérfræðinga á Norðurlöndum[1]




1 Nákvæm skilgreining á erlendum sérfræðingi er mismunandi á milli landa en byggja að stærstu leyti á launatekjum; Tillaga byggir á drögumað frumvarpi til breytinga á lögum um atvinnuréttindi útlendinga (í vinnslu hjá Íslandsstofu)
3 Mslvhoe-Möller o.fl. (2011): "Do Foreign Experts Increase the Productivity of Domestic Firms?"

# Við leggjum til skattaívilnanir og breytingar á atvinnulöggjöf fyrir erlenda sérfræðinga[1]

| | Stefna | Umhverfi | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **1. Skattaívilnanir** | **2. Atvinnuleyfi** | **3. Afgreiðsluferli** |
| **Núverandi staða** | ▪ Engar skilgreindar mælingar eða markmið | ▪ Engar ívilnanir | ▪ Skylt að leita fyrst eftir starfsfólki innanlands eða innan EES | ▪ Ferli tekur allt að 8 mánuði<br>▪ Óskilvirk umgjörð forgangsafgreiðslu |
| **Tillögur** | ▪ **Ísland setji sér markmið um fjölda erlendra sérfræðinga** | ▪ **25% tekjuskattur í 5 ár[1]** | ▪ **Mögulegt verði að leita sérfræðinga hvaðan af úr heiminum** | ▪ **Forgangs-afgreiðsla innan 14 daga verði skylda** |
| **Fyrir-myndir** | ▪ Dæmi um hlutfall erlendra sérfr.:<br>Stokkhólmur 25%<br>Kaupm.höfn 12%<br>London 35% | ▪ 25% tekna undanþegnar skatti í 3 ár | ▪ *Green Card Ordning* er tímabundið dvalarleyfi til sérhæfðra erlendra starfsmanna | ▪ *Expat Center* komið á fót í Amsterdam til að hraða málsmeðferðum erlendra sérfræðinga |

1 Byggt á tillögu að frumvarpi til breytinga á lögum um atvinnuréttindi útlendinga sem er í vinnslu hjá Íslandsstofu

# Við leggjum til fjórar tillögur sem ætlað er að tryggja bætt aðgengi og nýtingu fjármagns

**Aðgengi að hæfu starfsfólki**

1. Aukið menntunarstig með styttingu grunn- og framhaldsskólanáms
2. Hvatar til að fjölga tækni- og raungreinamenntuðum
3. Skattaívilnanir og forgangsafgreiðsla fyrir erlenda sérfræðinga

**Aðgengi og nýting fjármagns**

4. Opinbert fjármagn til rannsóknarstarfs verði nýtt með skilvirkari hætti
5. Öflug fjárfestingaeining einkaaðila og hins opinbera á sprota- og vaxtarstigi
6. Skattalegir hvatar til fjárfestinga í nýsköpun verði efldir
7. Regluverk fyrir erlenda fjárfestingu verði bætt

# Tillaga #4

**Opinbert fjármagn til rannsóknarstarfs verði nýtt með skilvirkari hætti**

# Hátt hlutfall fjárfestinga í rannsóknum og þróun (R&Þ) skila sér ekki sem skyldi í nýsköpunar- og atvinnutækifærum

**Fjárfesting í R&Þ á Íslandi er umtalsverð**

**Fjárfesting í R&Þ**
% af VLF, 2009




**En okkur tekst ekki sem skyldi að skapa ný vaxtartækifæri…**

**Sprettfyrirtæki[1] á Norðurlöndum og OECD**
% af fyrirtækjum með a.m.k. 10 starfsmenn, 2011




**… eða að skapa meðalstór og stór fyrirtæki**

**Hlutfall sprettfyrirtækja á Norðurlöndum sem verða stærri en með 50 starfsmenn**
% af sprettfyrirtækjum, 2011




1 Sprettfyrirtæki eru fyrirtæki sem vaxa hratt eða um a.m.k. 20% á ári í fjögur eða fleiri ár.
Heimildir: NGER; Ný sýn – breytingar á vísinda- og nýsköpunarkerfinu, Forsætisráðuneytið og Rannís, 2012

Tillögur verkefnisstjórnar

# Framlag hins opinbera í R&Þ dreifist á mjög marga aðila

Fyrirtæki
Hið opinbera
Erlend fjárfesting




**16 milljarðar dreifast til:**

**7 háskólar**
Að mestu laun kennara og sérfræðinga

**14 stofnanir**
Fjölbreytt hlutverk, heyra undir 4 ráðuneyti

**14 sjóðir**
Fjölbreytt hlutverk, heyra undir 3 ráðuneyti

Heimildir: Ný sýn – breytingar á vísinda- og nýsköpunarkerfinu, Forsætisráðuneytið og Rannís, 2012

# Mikill fjöldi og takmörkuð samvinna mennta- og rannsóknastofnana dregur úr slagkrafti rannsóknastarfs

Þekkingarsetur, stöðugildi
Háskólar



## Á Íslandi eru:

- **7** háskólar
- **14** opinberar rannsóknastofnanir
- **189** þekkingarsetur[1]

## Þrenns konar rekstrarform á háskólum landsins:

- Opinberir háskólar
- Sjálfseignarstofnanir
- Hlutafélög

1 Þekkingarsetur er samheiti yfir alla starfsemi sem lýtur að menntun, R&Þ og menningu auk þjónustu og ráðgjafar. Árið 2010 voru 860 starfsmenn í 550 stöðugildum í þekkingarsetrum. Um 60% af tekjum setranna eru frá ríki og sveitarfélögum.

# Aukin samþætting rannsóknastofnana og háskóla skilaði fjölþættum ávinningi í Danmörku

## Aðgerðir í Danmörku 2007

- Fækkuðu háskólum úr 12 í 8
- Sameinuðu 9 af 14 rannsóknastofnunum undir háskólastofnanir

## Ávinningur

- **Þverfaglegt samstarf** milli menntastofnanna
- **Þekkingarmiðlun**
- Sveigjanleiki og meira **úrval** námsfaga
- **Aukin árangur** í umsóknum um fjármögnun rannsókna frá ESB
- **Samhæfðar stefnur**
- **Einfaldari** stjórnsýsla
- Sameiginlegur og **skilvirkari** lagarammi

## Sameiningar háskóla og rannsóknastofnana




Heimild: Universitetssammenlægninger, Ministeriet for Forskning, Innovation og Videregaende Uddannelser, 2008

# Fjárveitingar hins opinbera til rannsókna og þróunar eru mjög dreifðar og lágt hlutfall fer í gegnum samkeppnissjóði

## Fjárveitingar ríkisins til rannsóknasjóða[1]

m.kr., 2012




## Fjárveitingar ríkisins til rannsókna og þróunar

Prósent af heild, 2012




- Stærstur hluti opinberra fjárveitinga fer beint til stofnana og sjóða án þess að hlutlaust mat sé lagt á árangur og gæði þess starfs sem unnið er
- Brotakennt og flókið skipulag
- Samræmi í mati á umsóknum, úthlutun og eftirfylgni er lítið
- Vöntun á skýrri stefnu

1 Rannsóknarsjóður og rannsóknarnámssjóður voru sameinaðir í upphafi árs 2013 og nafni Tækjasjóðs breytt í Innviðasjóð

Heimildir: Ný sýn – breytingar á vísinda- og nýsköpunarkerfinu, Forsætisráðuneytið og Rannís, 2012

# Við leggjum til samþættingu háskóla og rannsóknastofnana

## Áherslur við sameiningar

1. Leitast verði við að sameina **rannsóknastofnanir inn í háskóla**
2. Samræmd **löggjöf og árangursmat**
3. Endurskoðun og samræming **rekstrarforms**

## Ávinningur

- Aukin **gæði náms** og betri **samkeppnisstaða**
- **Hagræðing** í rekstri
- Aukin þverfagleg **samvinna** og **þekkingaryfirfærsla** á milli faggreina
- Aukinn **slagkraftur** og meiri **gæði** rannsókna, auknir möguleikar á **hagnýtingu** náms og rannsókna
- Aukin **samvinna** háskóla og atvinnulífs
- Auknar líkur á **alþjóðlegum styrkjum**

# Við leggjum til einföldun á úthlutunarkerfi opinberra rannsókna- og þróunarstyrkja sem leiðir til aukinnar skilvirkni og gagnsæi

| | Núverandi fyrirkomulag | Breytt fyrirkomulag | Afleiðing |
|---|---|---|---|
| **Stefna** | ▪ Óskýr stefna<br>▪ Fjármagn dreifist á fjölda sjóða | ▪ **Langtímastefna** um nýsköpun<br>▪ **Sameining** sjóða | ▪ **Skýr markmið** með styrkjum<br>▪ **Skilvirkari ferli** |
| **Úthlutun** | ▪ Mismunandi úthlutunarreglur og –ferli<br>▪ Úthlutun byggð á þörfum stofnana frekar en árangurstengdum markmiðum<br>▪ Einungis 20% er úthlutað í gegnum samkeppnissjóði | ▪ **Samræmdar úthlutunarreglur** og -ferli<br>▪ Úthlutun í samræmi við stefnu<br>▪ Markmiði um 70% úthlutunar gegnum **samkeppnissjóði** verði náð árið 2020[1] | ▪ Skilvirkni og **gagnsæi í úthlutun**<br>▪ Aukin **arðsemi** á fjárfestingum hins opinbera |
| **Eftirfylgni** | ▪ Vöntun á árangursmælingum og eftirfylgni | ▪ **Árangursmælingar** og eftirfylgni | ▪ Sýna fram á **árangur** og efla aðhald |

1 Ný sýn – breytingar á vísinda- og nýsköpunarkerfinu, Forsætisráðuneytið og Rannís, 2012

# Tillaga #5

**Öflug fjárfestingaeining einkaaðila og hins opinbera á sprota- og vaxtarstigi**

# Aðgengi fyrirtækja að fjármagni er mjög ólíkt eftir því hvar þau standa á lífsskeiði sínu

Hugmynd | Sprotar | Vöxtur | Þroski

Tekjur fyrirtækis



Þroskastig fyrirtækis

| Styrkir / Englar | Nýsköpunarsjóðir | Fjárfestingarsjóðir | Almennir fjárfestar |
|---|---|---|---|

**Aðgengi að fjármagni**

- Fyrirtæki á hugmynda- og nýsprotastigi virðast eiga **nokkuð auðvelt** með að sækja sér fjármagn
- **Rannsóknarsjóðir og smærri fjárfestar** skapa þetta aðgengi

- Miklar **áskoranir** eru til staðar frá sprotastigi og þar til þroska er náð í vexti fyrirtækja
- Þetta má ekki eingöngu rekja til skorts á fjármagni heldur **einnig þekkingar-miðlunar fjárfesta**

- Eftir að fyrirtæki nær ákveðinni stærð og þroska er fjármagn **aðgengilegra** á mörkuðum
- Í raun má segja að **skortur sé á fjárfestinga-tækifærum** í þessum flokki

# Helsta áskorunin í fjármögnun fyrirtækja frá sprotum til vaxtar felst í skorti á sterkari miðlunarvettvangi fjármagns og upplýsinga



# Við leggjum til sameiginlegan sjóð einkaaðila og hins opinbera þar sem núverandi fjárfestingar hins opinbera mynda kjölfestu



# Tillaga #6

**Skattalegir hvatar til fjárfestinga í nýsköpun verði efldir**

# Núverandi fyrirkomulag skattaívilnana er takmarkaður hvati fyrir stór og meðalstór félög að fjárfesta í R&Þ á Íslandi

## Fjárfestingar íslenskra fyrirtækja í rannsóknum og þróun

**Fjárfestingar íslenskra fyrirtækja í rannsóknum og þróun eru um 25 ma. kr. á ári**
Prósenta af heild




**Fimm fyrirtæki standa undir ~70%**

**Dæmi um rannsóknar- og þróunarkostnað íslenskra fyrirtækja**
Ma.kr., 2011



# Við leggjum til að kostnaðarhámark rannsókna- og þróunarvinnu verði afnumið til að laða að virðisaukandi starfsemi

## Hvetja félög til fjárfestingar í nýsköpun og þróun

### 1 Fjarlægja þakið

- Afnám núverandi 100 m.kr. kostnaðarhámarks

### 2 Styðja íslenskt vinnuafl

- Kostnaður umfram 100 m.kr. þarf að vera vegna starfsmanna á Íslandi

### 3 Tryggja réttmætar greiðslur

- Frádráttur umfram 20 m.kr. verði ekki greiddur út heldur sé í formi skattafrádráttar
- Frádráttur takmarkast við heimildir EES samnings

### 4 Halda í og laða að virðisaukandi starfsemi

Samkvæmt OECD eru sífellt fleiri ríki að taka upp skattaívilnanir
**12 ríki árið 1995 → 26 ríki árið 2010**

**Hvetur félög af öllum stærðum, innlend jafnt sem erlend, til að setja á fót virðisaukandi starfsemi í landinu**

Heimilidir: OECD, 2011

# Við leggjum til að veittar verði skattaívilnanir sem hvetja einstaklinga til fjárfestinga í nýsköpun

**Einstaklingum verði veittur skattafrádráttur vegna fjárfestinga í nýsköpun**

## 1 Fjárfestar



- Fjárfestar fái að fjárfesta í nýsköpunarsjóðum

**Hámarksfrádráttur frá skattstofni**
M.kr.

| 1 | 2 |
| --- | --- |





## 2 Nýsköpunarsjóðir



- Sjóðir fjárfesti í nýsköpunarfyrir-tækjum sem **uppfylla skilyrði Rannís**

## 3 Sprotafyrirtæki



- Nýsköpunarfyrirtækjum verði þannig **auðveldaður aðgangur að fjármagni**

## Áhrif

- Hvatning til **aukinnar fjárfestingar í nýsköpun**
- Áhersla á nýsköpunarsjóði til **áhættudreifingar**
- **Aðgangur** nýsköpunarfyrirtækja **að fjármagni**

# Tillaga #7

**Regluverk fyrir erlenda fjárfestingu verði bætt**

# Fjárfesting hérlendis er enn lítil miðað við önnur lönd sem lent hafa í efnahagsáföllum

## Samanburður fjárfestingar á Íslandi og í öðrum ríkjum sem lent hafa í áföllum



# Hamlandi áhrif reglugerða er varða erlenda fjárfestingu á Íslandi eru með þeim mestu sem tíðkast í OECD

## Takmarkanir á erlendri fjárfestingu[1]




Hindranir í vegi erlendrar fjárfestingar:

- Óstöðugt og ófyrirsjáanlegt efnahagsumhverfi
- Fjármagnshöft
- Flókið regluverk
- Óhagstæð skattalöggjöf
- Há landsáhætta
- Neikvætt viðhorf til erlendra fjárfesta

1 OECD Regulatory Restrictiveness Index leggur mat á hindranir í vegi erlendra fjárfesta, þ.m.t. takmarkanir á eignarhaldi erlendra aðila, gagnsæi regluverks, hindranir á fjármagnsflutningum, mismunun eftir þjóðerni osfrv.
Heimild: OECD, http://www.oecd.org/investment/fdiindex.htm

# Fyrirtækjum í alþjóðlegri starfsemi hefur gengið illa að breikka fjárfestahóp sinn með hlutabréf skráð í íslenskum krónum

## Össur: fjöldi erlendra hluthafa fyrir og eftir skráningu á erlendan hlutabréfamarkað




**„...gengissveiflur geta hæglega þurrkað út ávöxtun á fjárfestingu í vel reknum íslenskum fyrirtækjum...“**

**„...gengissveiflur krónunnar hafa verulega neikvæð áhrif á alla áætlanagerð...“**

Heimild: Össur hf.

# Við leggjum til að sett verði skýr markmið um aukningu á erlendri fjárfestingu og breytingar á regluverki

**Markmið um aukna erlenda fjárfestingu**

## Skýrt regluverk



- Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri endurskoðuð[1]
- Forsendur fyrir áframhaldandi starfsemi nefndar um erlenda fjárfestingu verði metnar

## Skilvirkt ferli



- Skýrar reglur um útgáfu bindandi álita t.d. vegna skipulags- og skattamála

## Minnkun gengisáhættu



- Heimild til skráningar í Kauphöll í erlendri mynt

**Afnám fjármagnshafta er grundvallarskilyrði fyrir aukinni erlendri fjárfestingu**

1 Fjallað er um hömlur á fjárfestingum í einstaka atvinnugreinum í sérlögum

SAMRÁÐSVETTVANGUR
UM AUKNA HAGSÆLD
Iceland Growth Forum